



Umsögn frá Rannsóknasetri í fötlunarfræðum

Þingskjal 181 — 180. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna (aðstoð við kosningu).

Við fögnum þessari tillögu til breytingar á kosningalögum og teljum hér stigið mikilvægt skref til að tryggja þátttöku fatlaðs fólks í stjórnámálum og opinberu lífi til jafns við aðra. Breytingin er í anda hins nýja mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem Alþingi hefur ályktað að verði fullgiltur árið 2013.

Aðeins eitt atriði sem við viljum vekja athygli alþingismanna á og það varðar framkvæmd kosning í anda þessara breytinga. Reynsla frá þeim löndum sem þegar hafa innleitt sambærileg ákvæði í kosningalög sýnir að það vill bregða við að fatlað fólk njóti ekki réttar til að velja fulltrúa til að aðstoða sig við kosningu vegna þess að starfsmann kjördeilda þekkja ekki þennan rétt. Það er því mikilvægt að upplýsingum um lagabreytingar þessar komist til starfsmanna kjördeilda og til fatlaðs fólks þannig að þessi réttindi verði virk.

5. október 2012

Fyrir hönd Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum

Rannveig Traustadóttir forstöðumaður